

# Fundur í Nemendafélagi Hofstaðaskóla

miðvikudaginn 23. mars kl. 8:30 í Regnboganum

Dagskrá fundarins:

1. Kosning í skólaráð Hofstaðaskóla skólaárið 2011-2012
  2. Umgengni á göngum og skólastofum, - hvað geta nemendur gert?
  3. Frímínútur – fótboltavöllur, körfuboltavöllur, annað
  4. Önnur mál
- 
1. 16 nemendur, sjö stelpur og níu strákar buðu sig fram í skólaráð fyrir skólaárið 2011-2012. Þau Guðrún Lóa Sverrisdóttir í 6. AMH og Jón Gunnar Hannesson í 6. BV voru kosin aðalmenn og Kristín Sif Sigsteinsdóttir og Ragnar Loki Ragnarsson í 6. AMH voru kosin varamenn. Áður en kosning fór fram sögðu fulltrúarnir frá því hvers vegna þeir byðu sig fram til setu í skólaráði. Kosningin var leynileg, en hver fulltrúi í stjórn Nemendafélagsins greiddi einni stelpu og einum strák atkvæði sitt.
  2. a) Nemendur óska eftir að fá ruslafötur á alla ganga, rætt var um að nemendur settu húfur og vettlinga í ermar á úlpum og gættu þess að hengja úlpurnar sínar upp. Þeir telja að það sé til bóta að merkja öllum nemendum snaga og segja að það vanti fleiri snaga. Fram kom tillaga um að umsjónarmenn gangi frá fötum í fatahengi í lok dags. Nemendum finnst of mikill hávaði á göngum en ekki kom fram tillaga um hvernig mætti bæta það nema þá að hver og einn nemandi passaði sjálfan sig.  
Nemendum finnst vanta gardínur í stofur. Þeim finnst eigin umgengni ábótavant í kringum vaska í kennslustofum. Þeir telja einnig að nemendur eigi að ganga betur um á salernum. Fram kom ósk um að settir væru rofar á salernin þannig að ekki sé hægt að slökkva á ganginum á þá sem eru á salerninu. Nemendur í 5. bekk ætla að skrifa bæjarstjóra bréf um málið.  
b) Nemendur telja að allir eigi að ganga frá eftir sig í matsal. Spurning hvort nemendur sem sitja við sama borð hjálpi að og minni hvert annað á að henda rusli í ruslafötur eftir matinn. Þeir velta fyrir sér hvort við þurfum að hafa umbunarkerfi.
  3. a) Nemendur eru mjög ósáttir við hversu körfuboltavöllurinn hallar mikið og það safnast á hann pollar. Það er ómögulegt að dripla bolta á honum. Nemendur í 7. bekk taka að sér að skrifa bréf og taka myndir af vellinum. Aðrir í stjórn nemendafélagsins lesa yfir bréfið sem verður sent bæjarstjóra. Þeir óska eftir að völlum verði frekar saltaður en sandaður, en helst vilja þeir völlum eins og þann sem er við Garðaskóla. Þeir óska eftir að körfurnar á völlum verði í sömu hæð, þ.e. að tvær og tvær. Körfurnar á öðrum vellinum þurfa að vera lægri fyrir yngri nemendur. Fram kom tillaga um að búa til töflu fyrir battavöllinn, en hún var ekki samþykkt.  
b) Nemendur vilja gjarnan fá þak á battavöllinn og láta bæta við grindverki í suður, þannig að boltarnir fari ekki út fyrir völluminn. Þeir óska enn fremur eftir að fá tappa á graddana á græna grindverkið svo það skemmi ekki boltana. Nemendur óska eftir því að það séu tvö mörk á drulluvellinum, því annars hafi þeir bara einn völlum.

c) Nemendur vilja gjarnan fá aparólu og hjólabrettapall á skólalóðina. Þeim finnst vanta fleiri leiktæki og það sé rétt að skoða hver þeirra séu notuð og skipta hinum út. Þeir vilja stærri kastala og stærri og öðruvísi klifurvegg. Þeir segja að það sé ekki gott að stóru krakkarnir snúi upp á rólur og þá komast litlu krakkarnir ekki í þær. Nefnu einnig að þau vildu að sumar rólur væru hærri svo að þær pössuðu fyrir eldri nemendur. Þeir vilja að þeim sé leyft að leika sér í læknum ef þeir eru í stígvélum. Þeim finnst að við eigum að eiga bekkjarbolta. Tillaga kom fram um að biðja eitthvert fyrirtæki að gefa bolta. Allir þessir þættir voru ræddir, útskýrt var fyrir nemendum hvers vegna hægt væri að bæta úr sumu og öðru ekki.

d) Nemendur vilja að stríðni minnki í frímínútum og starfsmenn skipti sér meira af þegar eitthvað er að gerast. Þeir vilja að hjúkrunarfræðingur sé við allan skóladaginn.

e) Annað sem rætt var: Hvers vegna ekki má vera með tyggjó, að 7. bekkur fái að vera inni í frímínútum. Heimavinna er of mikil. Strákarnir segja að það sé allt í lagi að henda snjóboltum ef það er enginn kennari nálægt. Nemendur segjast stundum ekki komast út vegna þess að þeir lenda í snjóboltahríð. Sumir krakkar ýta öðrum krökkum sem eru að renna sér í brekkunni. Ósk um að fjölga þeim skiptum sem vinabekkir hittast.

23. mars 2012

Fundarritari: Margrét Harðardóttir skólastjóri